

Ed.

317. Frumvarp til laga

[237. mál]

um breytingu á lögum nr. 50 1. júní 1984, um Lífeyrissjóð bænda.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

3. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvern almanaksmánuð til ársloka 1984 fast mánaðarkaup miðað við næstlægsta taxa Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og fulla starfsaldurshækkun. Frá 1. janúar 1985 skulu laun þessi vera 14 100 kr. á mánuði miðað við þáverandi kauplag. Stjórn sjóðsins ákveður, að fenginni umsögn Kjararannsóknarnefndar, breytingar á viðmiðunarlaunum þessum í samræmi við breytingar á launum verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur sem

mælikvarði á breytingar á almennum launakjörum í landinu skal hann að fengnum tillögum frá sjóðsstjórn og Hagstofu Íslands ákveða nýjan grundvöll svo og tengingu hans við eldri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af ráðherra, reynist síðar ónothæfur.

2. gr.

Í stað „1985“ í 19. gr. laganna komi: 1989, og í stað „1986“ komi: 1990.

3. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Árin 1984—1989 skal lífeyrir, bæði samkvæmt I. og II. kafla, hvert ár miðast við viðmiðunarlaun undanfarinna fimm almanaksára.

4. gr.

2. málsliður 1. mgr. ákvæða til bráðabirgða orðist svo:

Hinn 1. júlí 1984 hækki lífeyrir síðan í hlutfalli við hækkun viðmiðunarlauna frá 1. janúar til 1. júlí og eftir það með sama hætti hvern 1. janúar og 1. júlí árin 1985—1989.

Í stað „á árinu 1984“ í 2. mgr. ákvæða til bráðabirgða komi: árin 1984—1989.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi. Er þar gert ráð fyrir 5 ára framlengingu á þeim lögum eða til ársloka 1989.

Í athugasemdum, er fylgdu frumvarpi því til laga um Lífeyrissjóð bænda sem samþykkt var sem lög nr. 50/1984, kom fram að ákvæði um fjármögnun útgjalda samkvæmt II. kafla laganna væru óbreytt frá eldri lögum. Hér er um að ræða lífeyrisgreiðslur til þess hóps aldraðra bænda, sem veitt eru lífeyrisréttindi umfram það sem þeir hafa áunnið sér með iðgjaldagreiðslum. Var talið edlilegt að bíða þess, hvað yrði um hliðstæð réttindi samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra.

Í meðfylgjandi frumvarpi er lagt til að tímabundin ákvæði laganna um Lífeyrissjóð bænda um fjármögnun útgjalda samkvæmt II. kafla laganna og verðbætur á lífeyri verði framlengdur til ársloka 1989, en samkvæmt núgildandi lögum rennur gildistími þessara ákvæða út ýmist í árslok 1984 eða 1985. Að hluta eru breytingar þessar bein og sjálfsögd afleiðing af framlengingu ákvæðanna um framlög samkvæmt 25. gr. laganna um eftirlaun til aldraðra. Þá er í frumvarpinu lagt til að ákvæðum um viðmiðunarlaun þau, sem eru grundvöllur lífeyrisréttinda, verði breytt með hliðsjón af breyttum aðstæðum.

Þegar lögin um Lífeyrissjóð bænda voru sett árið 1970 var kveðið svo á að útgjöld vegna réttinda samkvæmt II. kafla laganna skyldu til ársloka 1985 borin að hluta af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að hluta af ríkissjóði. Þegar sérstök verðtrygging eftirlaunagreiðslna samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum kom til sögunnar árið 1976 tók Lífeyrissjóður bænda á sig útgjöld vegna hliðstæðrar verðtryggingar lífeyrisgreiðslna samkvæmt II. kafla laga sjóðsins. Vegna aldursskiptingar bænda urðu þessi útgjöld sjóðnum afar þungur baggi. Með áður nefndum lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra var þeirri skipan komið á að Lífeyrissjóður bænda skyldi eins og aðrir lífeyrissjóðir leggja fram samkvæmt þeim lögum 5% af iðgjaldatekjum sínum, en á hinn bóginn skyldu útgjöld til hinnar sérstöku uppþótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga sjóðsins greidd með framlagi samkvæmt 25. gr. laga nr. 97/1979.

Samkvæmt reikningum Lífeyrissjóðs bænda fyrir árið 1983 námu eftirlaunagreiðslur samkvæmt II. kafla það ár 43,3 millj. kr., og skiptust útgjöldin sem hér segir:

	millj. kr.
Framlag ríkissjóðs	12,4
Framlag Stofnlánadeildar	7,4
Framlag skv. lögum um eftirlaun til aldraðra	23,5

Í athugasemdum við áður nefnt frumvarp um breyting á lögum nr. 97/1979 er aðdragandi og þróun þeirrar lagasetningar rakin, en eins og áður segir eru nán tengsl milli hennar og ákvæða II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum eru viðmiðunarlaun, sem eftirlaunaréttur reiknast eftir, fast mánaðar-kaup miðað við næstlægsta taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Nýgerðir kjarasamningar ASÍ og vinnuveitenda valda því hins vegar að óheppilegt þykir að leggja tiltekinn kauptaxta hér til grundvallar. Er sú viðmiðun, sem hér er lagt til að taka upp frá 1. janúar 1985 að telja, sameiginleg niðurstaða margra aðila sem til þessa hafa notað sömu viðmiðunarlaun, svo sem nánar er greint frá í athugasemdum við frumvarpið um breyting á lögum nr. 97/1979.

Um 2. gr.

Í grein þessari er kveðið á um að Stofnlánadeild landbúnaðarins og ríkissjóður skuli leggja fram fé til eftirlaunagreiðslna með óbreyttum hætti til ársloka 1989, sbr. almennar athugasemdir hér að framan.

Um 3. gr.

Í grein þessari felst að skipting framlaga milli 19. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda og 25. gr. laga nr. 97/1979 verður með sama hætti og undanfarin ár, og sama gildir um þátttöku lífeyrissjóðsins í útgjöldum þegar lífeyrisþegi samkvæmt II. kafla á jafnframt rétt samkvæmt I. kafla.

Um 4. gr.

Í fyrri málsgrein þessarar greinar er kveðið svo á að lífeyrisfjárhæðir skuli til ársloka 1989 breytast með sama hætti og undanfarin ár, en í síðari málsgreininni felst sú breyting að vitnað er til ákvæða 25. gr. laga nr. 97/1979, eins og lagt er til í áður nefndu lagafrumvarpi að þau ákvæði verði.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.